

Ferða-og dvalarstyrkir – reglur Sjómenntar um einstaklingsstyrki

Þeir einstaklingar sem þurfa að sækja styrkhæft nám/námskeið um langan veg eiga rétt á stuðningi við ferða- og dvalarkostnað. Um er að ræða einstaklingsstyrk og sótt er um á sérstöku eyðublaði. Styrkir eru afgreiddir af viðkomandi stéttarfélagi í umboði Sjómenntar.

Reglur um sérstaka ferða-og dvalarstyrki: Akstur 50% af almennu kílómetragjaldi eins og það er ákveðið hverju sinni skv. taxa ferðakostnaðarnefndar.

EKKI er tekið þátt í ferðakostnaði vegna aksturs sem er innan við 12 km. frá námskeiðsstað eða skóla. Varðandi akstur og flug er alltaf gert ráð fyrir að menn velji ódýrustu leiðina.

Hvalfjarðargöng: Heimilt verði að niðurgreiða hverja ferð um allt að 75% af kostnaði.

Viðmiðunarupphæð verði allt að kr. 700,-fyrir hverja ferð í gegnum göngin miðað við núverandi gjaldskrá Spalar hf.

Flug: Heimilt verði að niðurgreiða kostnað um allt að 75% af hverju flugfargjaldi.

Gisting: Heimilt verði að niðurgreiða hverja gistinótt á hótélum/gistiheimilum um að hámarki kr. 6.000.- þó aldrei hærra en 75% af verði gistingar pr. sólarhring.

Ferða-og dvalarstyrkir eru afgreiddir sér, en dragast frá hámarki einstaklingsstyrkja sem er í dag kr. 70.000.- á ári.

Febrúar, 2016

KN